

Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn:

Brynjar Þór Vigfússon, Charlotta Englund, Silja Rún Stefánsdóttir, Stefán Haukur Grímsson og Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir.

Fundur settur kl. 18:00

Fyrsti fundur nýs hverfisráðs.

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Verkaskipting
2. Sundlaugamál
3. Starf atvinnu- og samfélagsfulltrúa
4. Póstmálið
5. Viðhaldsáætlun fyrir eignir sveitarfélagsins
6. Snjósöfnun á viðbyggingu í leikskólanum í Lundi

1. Verkaskipting

Stefán Haukur og Silja Rún verða varamenn, Brynjar Þór Vigfússon ætlar að taka að sér formennsku.

2. Sundlaugamál

Virðist stefna í að sundlaugin í Lundi verði ekki opin sumar, sem er afar slæmt fyrir íbúa og ferðamenn. Nauðsynlegt að kalla eftir frekari upplýsingum og framtíðarstefnu sveitarfélagsins varðandi sundlaugamál.

3. Starf atvinnu- og samfélagsfulltrúa

Hverfisráð Öxarfjarðar skorar á sveitarstjórn Norðurþings að hækka starfshlutfall Atvinnu- og samfélagsfulltrúa aftur í fullt starf, enda erfitt að sinna þeim verkefnum sem þarf í 40-50% starfshlutfalli. Næg verkefni eru fyrir hendi, enda starfssvæðið stórt. Þá má einnig horfa til þess að á

síðustu tveimur árum er búið að fækka um 1,5 stöðugildi á skrifstofu sveitarfélagsins á Kópaskeri en nú er aðeins eitt 50% starfshlutfall.

4. Póstmálið

Aðeins rætt um póstmál þá sérstaklega um „tilraunaverkefnið“ á Kópaskeri. Talað var um sex mánaða tilraunátíma í tengslum við póstboxin, sem lauk þá um síðustu áramót. Enn er ekki búið að halda samráðsfund né gera tilraunaverkefnið upp. Þá má einnig líta svo á að undirskriftir þeirra sem tóku þátt í verkefninu séu ekki lengur í gildi enda verkefnið einungis kynnt sem tilraunaverkefni til sex mánaða. Hverfisráðið skorar á Íslandspósti að halda íbúafund við fyrsta tækifæri.

5. Viðhaldsáætlun fyrir eignir sveitarfélagsins

Mikil viðhaldsþörf er á eignum sveitarfélagsins austan Tjörness, nauðsynlegt er að búa til langtímaáætlun.

6. Snjósöfnun á viðbyggingu í leikskólanum í Lundi

Á viðbyggingu við leikskólann í Lundi er mikil snjósöfnun og hættu á að hrynji af þakinu, með því skapast varasamar aðstæður bæði fyrir börn og starfsfólk. Í ljósi þess verður svæðið í kringum viðbygginguna svo gott sem ónothæft og þannig minnar leikskólalóðin einnig. Ráðið hvetur til þess að úr þessu verði bætt áður en slys á sér stað.

Fundi slitið 19:30

Undirritunarsíða

Brynjar Þór Vigfússon

Stefán Haukur Grímsson

Silja Rún Stefánsdóttir

Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir